

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.
2006

Reykjavík 23. nóvember

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum, mál 232.

Frumvarpið kveður á um breytingar á eftirtöldum lögum:

- Lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.
- Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.
- Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.
- Lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögunnar, með síðari breytingum.
- Lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts afla.

Með frumvarpinu er verið að samræma viðurlagsákvæði nefndra laga með það að markmiði að tryggja skilvirkni þeirra sem aftur á að leiða til ábyrgari umgengni bæði um fiskimiðin og löndun og meðhöndlun aflans. VM hefur ekki fram að færa athugasemdir við efnisákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f.h. VM / Félags vélsjóra og málmtæknumanna



Helgi Laxdal formaður VM